

43
42. fundur Samráðsnefndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar að Aðalstræti 63, Patreksfirði, þriðjudaginn
8. september 2015 og hófst hann kl. 17:00.

Fundinn sátu:

Ásgeir Sveinsson (ÁSV) aðalmaður, Magnús Jónsson (MJ) aðalmaður,
Friðbjörg Matthíasdóttir (FM) aðalmaður, Ásgeir Jónsson (ÁJ) varamaður,
Ásthildur Sturludóttir (ÁS) bæjarstjóri og Indriði Indriðason (II) formaður.

Fundargerð ritaði: Indriði Indriðason, formaður

Inga Hlín Valdimarsdóttir forstöðumaður MEÓ kom inn á fundinn undir fyrstu
tveimur liðunum.

Dagskrá:

1. 1410104 - Fjárhagsáætlun 2015 - MEÓ

Rætt um fjárhagsáætlun MEÓ.

Forstöðumanni falið að leggja fram endurskoðaða fjárhagsáætlun fyrir árið
2015 og stöðu fyrstu 6 mánaða hjá safninu.

Forstöðumanni falið að leggja fram drög að fjárhagsáætlun og starfsáætlun
fyrir árið 2016.

2. 1507010 - Upplýsingar frá forstöðumanni

Forstöðumaður fór yfir starfsemi MEÓ í sumar. Tæplega 3400 manns hafa
heimsótt safnið í sumar en mun fleiri hafa aðeins komið í kaffiteriuna. Er
þetta umtalsverð aukning frá fyrra ári.

Forstöðumaður telur að miklar viðgerðir þurfi að fara fram á safnhúsinu á
næstu árum.

Formaður stjórnar upplýsti um gjöf sem safninu hefur borist en ónefndur
hollvinur hefur fært safninu 600 þúsund krónur. Samráðsnefnd þakkar
höfðinglega gjöf og hlýhug í garð safnsins.

**3. 1507012 - Fyrirspurn um tilhögun fjallskila í sameiginlegri
fjallskiladeild 2015.**

Formaður lagði fram fyrirspurn um tilhögun fjallskila í sameiginlegri
fjallskilanefnd 2015. Lagður fram fjallskilaseðill frá Fjallskilanefnd fyrir
Vestur-Barðastrandarsýslu sem sendur verður til allra fjáreigenda í
Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppi.

**4. 1509012 - Ársreikningur Styrktarsjóðs Heilbrigðisstofnunar
Patreksfjarðar.**

Lagður fram ársreikning til samþykktar Styrktarsjóðs Heilbrigðisstofnunar

Handwritten signatures and initials in blue ink, including 'KS', 'FM', 'MJ', and 'II'.

Patreksfjarðar.
Samráðsnefnd samþykkir ársreikninginn.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl.18:15 .

Jón Þórunn

Ásgrit Sörnsdóttir

Frjólfur Lárus

Ásgeir Jónsson

Ágúst Áll

Magnús Jónsson
